

Fundargerð 9. stjórnarfundar

Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: Orion í Venus 2.hæð, HR.

Tími: 19. Mars 2013 kl. 9.15-10:00

Viðstaddir: Aldís Ingimarsdóttir (AI), Hrund Ó. Andradóttir (HÓA) og Dagur Jónsson (DJ).

Fjarverandi: Íris Þórarinsdóttir (ÍÞ) og Jónas Elíasson (JE).

Dagskrá:

1. Málþings um neysluvatnsöflun á Íslandi

1. Málþings um neysluvatnsöflun á Íslandi.

Auglýsing fyrir málþingið er tilbúin og verður send á eftirtalda staði:

- DJ: Samorku, heilbrigðiseftirlitin, jarðhitafélagið, landsvirkjun og Rarik
- HÓA: Verkfræðingafélagið, Vatnafræðinefndina, starfsfólk HÍ og viðkomandi nemendur HÍ
- AI: Félagsmenn VAFRÍ, starfsfólk HR og viðkomandi nemendur HR, verkfræðistofurnar, þá sem halda erindi á málþinginu, jarðtæknifélagið.

Skráning er send á AI sem heldur utan um fjölda skráðra. Auglýsingin verður send aftur á undantalda aðila um 8. apríl (í vikunni sem málþingið er haldið). Samorka mun styrkja veitingar á málþinginu, AI kannar verð á veitingum og sendir á DJ.

Undirbúningsfundur verður haldinn föstudaginn 5. apríl kl. 10, væntanlega í húsakynnum Samorku til að nýta þar fjarfundarbúnaðinn. Til vara er annar fundartími mánudagurinn, 8. Apríl kl 15:00. Boðaðir verða: fundarstjóri, aðilar sem halda erindi og aðilar í panel. AI mun sjá um boðunina. Dagskrá á þeim fundi verður: Dagskrá málþingsins og tímamörk, innihald hvers erindis, panelumræður, ágripabók og kynningamál fyrir þingið. AI mun kanna með kynningarfulltrúa í HR til að auglýsa málþingið í fjölmiðlum, þá aðallega RÚV og Stöð 2. Einnig verður athugað með viðtalsþætti eins og Víðsjá á Rás 1.

Fundi var lokið um kl. 10:00

Næsti fundur ákveðinn síðar.

Fundarritari: Aldís Ingimarsdóttir, aldisi@ru.is